

Alþingi
Erindi nr. P 118 1157
komudagur 15/11 1994



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

Allsherjarnefnd Alþingis,
b/t Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa.

SAMTÖK ÍSLENSKS
VIÐSKIPTALÍFS

Reykjavík 12. nóvember 1994.

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að láta í ljós álit sitt á framkomnu frumvarpi um sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum. Verzlunarráð Íslands leggst gegn þessari hugmynd og telur hana ótímabæra og á skjön við nýafstaðna og vel ígrundaða breytingu á dómstólaskipaninni. Rök Verzlunarráðsins eru einkum eftirfarandi:

- 1) Á undanförnum árum hefur þróunin í réttakerfinu verið sú að fækka sérdómstólum og láta sem flest mál fá eðlislíka meðferð. Með þeim breytingum sem urðu á dómstólaskipaninni á árinu 1992 var þetta staðfest enn frekar.
- 2) Umræddar breytingar á dómskerfinu gengu vel og tekur málsmeðferð fyrir héraðsdómi almennt skemmri tíma en áður. eru einkamál yfirleitt afgreidd á innan við einu ári og opinber mál á mun skemmri tíma. Seinangangur á dómsstiginu virðist því ekki vera fyrir hendi.
- 3) Skattabrot eru eins og hver önnur afbrot og ekki er hægt að sjá að þau eigi að hljóta einhverja sérstaka flýtimeðferð umfram önnur afbrot, s.s. önnur auðgunarbrot eða ofbeldisbrot.
- 4) Rétt er að minna á að innan skattakerfisins er starfandi yfirskattanefnd sem hefur sektarheimildir og má því segja að refsað sé fyrir minni háttar skattabrot á vettvangi stjórnsýslunnar.
- 5) Varðandi sérþekkingu dómara er rétt að benda á að ýmis dómsmál sem koma fyrir dómstóla, einkum á sviði einkamála, eru síst minna flókin en skattabrot. Samkvæmt 5. gr. laga um meðferð

Póstáritun:
Verzlunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík


Sími 1 886666
Bréfsími 1 686564
Telex 2316 Chambr is

opinberra mála getur dómari kallað til sérfróða meðdómendur telji hann þess þörf og skv. 63.-65. gr. sömu laga er hægt að kalla eftir matsgerð sérfróðra aðila. Skortur á sérþekkingu á skattamálum er því ekki forsenda til þess að stofna nýjan héraðsdómstól.

6) Rétt er að minna á þann kostnað sem yrði samfara stofnun sérstaks dómstóls.

7) Rétt er að minna á það að í skýrslu skattsvikanefndar frá síðasta ári er ekki að finna neinar tillögur eða vangaveltur í þá átt að stofna eigi sérstakan héraðsdómstól til þess að fara með þessi mál.

Virðingarfyllst
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Jónas Fr. Jónsson, hdl.